

Garðabær  
Garðatorg 7  
210 Garðabær

Reykjavík, 1. nóvember 2024  
UST202410-221/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna Hnoðraholt**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Garðabæjar er barst 24.október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna Hnoðraholt.

Í greinargerð kemur fram breyta þarf aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 - Rammahluta Vífilsstaðalands á reit fyrir stofnanir, landnotkunarreit 4.05 S og niðurfelling reits fyrir iðnað (hitaveitutanka), landnotkunarreit 4.22 I. Í deiliskipulagi verður gerð breyting á lóð fyrir leikskóla og lóð fyrir búsetukjarna sem er hluti af deiliskipulagi fyrir Hnoðraholt norður. Auk þess segir að deiliskipulag verður unnið fyrir lága og þetta íbúðarbyggð sem fellur vel að landi í framhaldi af gildandi skipulagi á háholtinu, innan þess svæðis sem í rammahluta Vífilsstaðalands, er skilgreint sem Hnoðraholt suður. Á þessum reit á háholtinu er stefnt að blöndun eins og tveggja hæða húsa, bæði einbýlishúsum og raðhúsum. Unnið verður með umhverfisvænar og sjálfbærar lausnir í innviðum hverfisins í samræmi við markmið í rammahluta Vífilsstaðalands.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**